



2013

Þjóðarspegilinn

Þróun félagsaðildar VR 1991-2012

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Viðskiptafræðideild
Ritstjóri: Ingjaldur Hannibalsson

Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2013

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978 9935 424 17 4



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þróun félagsaðildar VR 1991-2012

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

VR er stærsta stéttarfélag landsins með um 29.000 félagsmenn sem er um 17,2% allra starfandi launþega á íslenskum vinnumarkaði. Árið 1991 voru fullgildir félagar í VR um 10.121 eða um 16,2% af félagsmönnum innan vébanda ASÍ. Árið 2012 var þetta hlutfall komið í 26,8%. Í þessari grein verður varpað ljósi á þróun félagsaðildar VR frá árinu 1991 til ársins 2012 og kannað sérstaklega hvort efnahagshrunið hafi haft áhrif á félagsaðild meðal VR félaga. Stuðst er við gögn frá VR, ASÍ og Hagstofu Íslands. Vinnumarkaðurinn á Íslandi varð fyrir miklu áfalli haustið 2008 þegar bankarnir hrundu. Árið 2008 var atvinnuþátttaka 82,6% og atvinnuleysi 3,0%. Fjöldi á vinnumarkaði var 184.100 að meðaltali, þ.a. 178.600 í vinnu og 5.500 atvinnulausir. Ári síðar höfðu tölur mikið breyst. Atvinnuþátttaka var enn mikil eða 80,9%, eða 180.900 á vinnumarkaði, þar af voru 167.800 með vinnu en 13.100 án vinnu. Nú fimm árum seinna hefur ástandið lagast nokkuð. Á fyrsta ársfjórðungi 2013 voru að jafnaði 178.300 manns á vinnumarkaði. Af þeim voru 167.900 starfandi og 10.300 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka mældist 78,9% og atvinnuleysi var 5,8% á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2013). Félag aðild VR hefur vaxið jafnt og þétt á sama tíma og almennt hefur fækkað í stéttarfélögum. Gerð verður grein fyrir þeim þáttum sem geta skýrt þessa aukningu á félagsaðild VR.

Stéttarfélög og stéttarfélag aðild

Fyrstu stéttarfélög á Íslandi litu dagsins ljós á seinni hluta 19. aldar. Líkt og í Evrópu voru það iðnaðarmenn sem voru fyrstir til að bindast samtökum. Hér á landi voru það prentarar sem voru í fararbroddi og þeir stofnuðu fyrsta stéttarfélagið í ársbyrjun 1887 (Ólafur R. Einarsson, 1970). Á fyrstu áratugum 20. aldar voru helstu baráttumál stéttarféлага þrjúþætt. Í fyrsta lagi að ná fram viðurkenningu atvinnurekenda og ríkisvaldsins á samningsrétti stéttarféлага, í öðru lagi að laun væru greidd eftir taxta stéttarféлага og í þriðja lagi að allir launþegar væru í stéttarfélagi og þeir hefðu forgang til starfa (Svanur Kristjánsson, 1976). Með setningu vinnulöggjafarinnar árið 1938 lög nr. 80/1938 má segja að meginbaráttumálin væru í höfn en í lögnum var m.a. lögfestur réttur launþega til að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launþega. Stéttarfélagunum var því með lögum tryggður réttur til að vera lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008a). Stéttarfélög eru hópur einstaklinga sem hefur með sér skipulagsbundin tengsl með það sameiginlega markmið að vinna að þeim málum sem þeir telja vera í sína þágu. Þau eru stofnuð í þeim tilgangi að vernda og bæta stöðu félagsmanna, bæði á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt (Farnham og Pimlott, 1993; Webb og Webb, 1894). Richard Hyman (2001) segir hlutverk stéttarféлага vera þrjúþætt: þau séu í eðli sínu hagræn samtök þar sem þau eru aðili að kjarasamningum og reyna þannig að hafa áhrif á laun og vinnuskilyrði. Þau eru einnig vettvangur launþegahreyfingarinnar í baráttunni gegn atvinnurekendum þ.e.a.s. að samtakamátturinn styrkir launþeganna í baráttunni gegn atvinnurekendum því hagsmunir þessara aðila eru andstæðir. Loks eru stéttarfélög hluti af samfélagslegri heild sem hafa það markmið að bæta samfélagið. Helstu viðfangsefni stéttarféлага eru einkum fjórþætt. Fyrst ber að telja kjaramál og málefni sem

snerta launþegann sjálfan s.s. gerð kjarasamninga, túlkun kjarasamninga, túlkun ráðningasamninga, aðstoð vegna uppsagna, innheimta launa, aðstoð vegna ágreiningsmála sem upp geta komið milli launþega og vinnuveitenda og aðstoð vegna eineltis eða kynferðislegs áreitnis. Í öðru lagi sjúkrasjóðs- og styrktarmál svo sem styrkir vegna heilsuræktar, sjúkrahjálfunar, krabbameinsskoðunar, gleraugnakaupa, glasafriðvgunar og líf-, sjúkdóma- og slysatryggingar. Í þriðja lagi mennta- og fræðslumál þar sem launþegar fá ýmis konar styrki til menntunar og fræðslu og jafnvel til tómstundaíðkunar. Loks eru það orlofsmál þar sem félagsmenn fá aðgang að sumarþústöðum, sumarhúsum í útlöndum og tjaldvögnum (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2003).

Lítið hefur hefur skrifað um stéttarfélagasáðild á Íslandi og engar ritrýndar greinar finnast um viðfangsefnið hér á landi. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson (2003) ritaði grein um stéttarfélög og mannauðsstjórnun og árið 2008 ritaði hann grein um þátttöku í atkvæðagreiðslu um kjarasamninga VR á árunum 1996-2008. Tinna Ástrún Grétarsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson (2010) skrifuðu grein um viðhorfi ungs fólks í framhaldsskólum og hafa stigið sín fyrstu skref á vinnumarkaði, til stéttarfélaga annars vegar og þekkingu þeirra á réttindum á vinnumarkaði hins vegar. Stéttarfélagasáðild hefur í gegnum tíðina verið há hér á landi (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008b og 2003). Það eru einkum einkum fjögur atriði sem geta skýrt þessa háu stéttarfélagasáðild hér á landi. Í fyrsta lagi er það forgangsréttarákvæði til vinnu, í öðru lagi hið svokallað „Ghent kerfi“ sem tengir réttindi til atvinnuleysisbóta við stéttarfélagasáðild, í þriðja lagi tenging félagsáðildar við lífeyrissjóðakerfið á sínum tíma og loks þeir jákvæðu hvatar sem fylgja stéttarfélagasáðildinni svo sem tryggingavernd og styrkir ýmis konar (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2003; Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008b; Tinna Ástrún Grétarsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010). Á sama tíma og stéttarfélagasáðild hér á landi hefur verið há og staðið í stað hefur stéttarfélagasáðild farið minnkandi víða í Evrópu síðustu áratugi (Boeri, Brugiavini og Calmfors, 2001; Charlwood, 2002; Edwards, 1995; Kelly, 1998; Pettinger, 2000; Visser, 2002). Visser (2002) bendir á að á tímabilinu 1978-1998 lækkaði stéttarfélagasáðild í Evrópu úr 42,6% í 30,8%. Í Bretlandi hefur fækkun í stéttarfélögum verið mjög mikil. Árið 1979 voru 12,1 milljón félagsmanna innan vébanda í Trade Union Congress, TUC (landsamband stéttarfélaga) í Bretlandi, árið 1996 voru þeir orðnir 6,7 milljónir (O'Grady og Nowak, 2004) og í dag eru meðlimirnir um 6,0 milljónir (Britain's union, e.d.).

Ýmsar ástæður hafa verið nefndar sem skýrt geta þessa fækkun í stéttarfélögum svo sem almenn efnahagsleg velsæld frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, tilskipanir og reglur frá Evrópusambandinu um aukin rétt og vernd launþega, áhersla á samþættingu vinnu og einkalífs, aukinn hagvöxtur, aukið atvinnustig, formgerðarbreyting á vinnumarkaði þar sem störfum í landbúnaði og iðnaði hefur fækkað en störfum í þjónustu- og tæknigeiranum fjölgað. Enn fremur hafa nýjar stjórnunaraðferðir s.s. mannauðsstjórnun sem m.a. tryggir þátttöku, velferð og starfsþróun starfsmanna haft einhver áhrif. Einnig hefur verið bent á alþjóðavæðingu vinnumarkaðarins og hardnandi samkeppni fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum, meiri áhersla á sveigjanleika í ráðningarformi, útvistun starfa og þá staðreynd að erfiðara gengur að fá vel menntaða sérfræðinga til að vera í stéttarfélögum (Boeri o.fl., 2001; Charlwood, 2002; Ferner og Hyman, 1998; Gospel og Wood, 2003; Kelly, 1998; Pettinger, 2000). Visser (2006) gerði greiningu á þróun stéttarfélagasáðildar í 24¹ löndum á tímabilinu 1970-2003. Stéttarfélagasáðild minnkaði í 18 löndum á árunum 1990-2003. Í einungis sex landa mátti sjá hækkun stéttarfélagasáðildar á þessum tímabili, Kanada, Írland, Noregur, Holland, Belgía og Spánn. Stéttarfélagasáðild á Íslandi hefur ekki breyst mikið frá árinu 1993. Stéttarfélagasáðild á Íslandi hefur sveiflast nokkuð síðustu ár og samkvæmt tölum

¹ Bandaríkin, Kanada, Ástralía, Nýja Sjáland, Japan, Suður Kórea, Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Bretland, Írland, Finnland, Svíþjóð, Danmörk, Noregur, Holland, Belgía, Spánn, Sviss, Austurríki, Ungverjaland, Tékkland, Slóvakía og Pólland.

frá Hagstofu Íslands voru árið 2000 89.4% launþega á Íslandi í stéttarfélögum en árið 2004 var hlutfallið komið í 88%. Lind (2009) bendir á að frá árinu 1994 hafi stéttarfélagsaðild farið minnkandi í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Ástæðuna segir Lind (2009) vera svipaða og í öðrum Evrópulöndum, frjálslynd hugmyndafræði og stjórnunarstefnur, breyting á atvinnuháttum og breyting á „Ghent“ kerfinu. Í nágrrannalöndum Íslands hefur fækkað í stéttarfélögum en í Svíþjóð fór þátttaka úr 85% árið 1993 í 74% árið 2006, í Finnlandi úr 82% árið 1995 í 71% árið 2006 og í Danmörku úr 82% árið 1998 í 77% árið 2008. mesta fækkun í stéttarfélagsaðild hefur verið í Austurríki, 9,3%, Danmörk, 6,1 %, Eistland 8,2%, Finnland 6,3%, Holland 6,5%, Lúxemborg 6%, Pólland 11%, Stóra Bretland 4,3%, Svíþjóð 12,9%, Tékkland, 12,7%, Ungverjaland 7,7% og Þýskaland 6,8%. Í öðrum löndum hefur fækkunin orðið talsvert minni og einu landi hefur stéttarfélagsaðildin aukist, í Belgíu hækkað hún um 1,1% (OECD, e.d.). Böckerman og Uusitalo (2006) sýndu fram á minnkandi stéttarfélagsaðild í Finnlandi á árunum 1996-2006. En á þessu tímabili lækkaði stéttarfélagsaðild um 10%, helstu ástæður þessarar breytinga að þeirra mati var breytt samsetning vinnuafslins og breyting á „Ghent“ kerfinu þar sem sjálfstæðir atvinnuleysistryggingasjóðir hafa sprottið upp og þar geta starfsmenn án stéttarfélagsaðildar keypt sér atvinnuleysistryggingar án þess að vera í stéttarfélagi. Enn fremur bentu þér á að yngri kynslóðir þ.e. starfsmenn fæddir eftir 1960 væru síður viljugir til að vera í stéttarfélagi.

VR

VR var stofnað 27. janúar 1891. Í fyrstu var félagið blandað félag launþega og atvinnurekenda í verslunarstétt. Það voru 33 karlmenn sem störfuðu við eða ráku verslun sem stofnuðu félagið. Fyrstu starfsárin var félagið lokaður karlklúbbur en rúmu ári eftir stofnun félagsins var félagið opnað lítillaga þegar samþykkt var að meðlimir félagsins mættu bjóða með sér einum karlmanni á fundi og taka með sér kvenfólk þegar haldnir voru fyrirlestrar. Fyrsta konan sem sótti um félagsaðild að VR var Laura Hansen og var henni veitt innganga í félagið þann 3. nóvember árið 1900 (Lýður Björnsson, 1992). Í upphafi var VR menninga- og skemmtifélag fyrir félagsmenn sína og stóð félagið fyrir margvíslegum viðburðum í Reykjavík. Markmiðið var að efla samkennd meðal nýtilkominnar verslunarstéttar á Íslandi (Ársskýrsla VR, 1999). Á þessum árum var félagið opið launþegum og atvinnurekendum. Fljótlega fór að örla á baráttumálum launþega og árið 1936 var stofnuð sérstök deild sem átti að vinna að hagsmunamálum launþega. Þessi deild komst þó ekki á laggirnar fyrr en árið 1946 þegar fyrsti kjarasamningur VR var gerður (Ársskýrsla VR, 1999). Árið 1950 voru félagsmenn VR einkum launþegar eða 70% og félagið þróaðist á þessum tíma hratt sem hreint launþegafélag. Þann 28. febrúar árið 1955 varð VR hreint launþegafélag og samtök vinnuveitenda samþykktu VR sem lögformlegan samningsaðila fjórum árum síðar. VR sótti um aðild að Alþýðusambandi Íslands, ASÍ, í gegnum Landsamband íslenskra verslunarmanna sem var stofnað árið 1957. Barátta VR fyrir inngöngu í ASÍ var hörð og aðildarumsókn félagsins var felld árið 1960 en árið 1962 dæmdi Félagsdómur landsambandinu í vil og var VR þá aðili að ASÍ (Ársskýrsla VR, 1999). Á aðalfundi félagsins þann 26. apríl 2006 var nafni félagsins breytt í VR, virðing réttlæti. Ein ástæða nafnbreytingarinnar var sameining VR við önnur verslunarmannafélög og það var ekki hentugt að hafa nafn Reykjavíkur í nafni félagsins, gamla nafnið þótti ekki nægilega lýsandi fyrir félagið (VR, Virðing-Réttlæti, e.d.). Árið 2002 sameinaðist félagið Verslunarmannafélagi Akraness sem hafði um 370 félagsmenn, árið 2006 sameinaðist VR tveimur félögum, Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar sem hafði um 1800 félagsmenn og Verslunarmannafélagi Vestmannaeyja með um 360 félagsmenn. Félagssvæði VR nær því yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Gardabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Álftaness, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, alls Austurlands,

Húnaþings vestra og Akraness og nágrennis (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008b). Tilgangur og hlutverk VR er að efla og styðja hag verslunar - og skrifstofufólks með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara félagsmanna. Félagsmenn VR starfa við meira en eitt-hundrað starfsgreinar, meðalaldur félagsmanna er rétt um 40 ár og 60% félagsmanna eru konur, tæplega þriðjungur félagsmanna hefur háskólamenntun og fimmtungur félagsmanna hefur lokið viðbótarnámi eftir framhaldsskóla. Helmingur félagsmanna starfa sem stjórnendur eða sérfræðingar, 27% eru sérhæfðir starfsmenn, 7% vinna skrifstofustörf, 15% starfa við sölu- og afgreiðslu og 6% starfa við gæslu-, lager- og framleiðslustörf. 28% félagsmanna eru starfandi hjá fyrirtækjum í sérhæfðri þjónustu, 18% vinna í smásölufyrirtækjum og 17% starfa hjá heildsölufyrirtækjum (Um VR, e.d.). Félagsmönnum í VR hefur á undanförunum áratugum fjölgað mjög mikið og í töflu 1 má sjá þróun félagsaðildar VR frá árinu 1991-2012.

Tafla 1. Fjöldi fullgildra félagsmanna í VR (Ársskýrslur VR, 1995, 2001 og 2012)

Ár	Fjöldi VR félaga
1991	10121
1992	10486
1993	10837
1994	11048
1995	11620
1996	13615
1997	13937
1998	15261
1999	17210
2000	18698
2001	19189
2002	19766
2003	20987
2004	22206
2005	23222
2006	26049
2007	27437
2008	28776
2009	28065
2010	28287
2011	28840
2012	29434

Á rúmum 20 árum hefur félagsfjöldin tæplega þrefaldast og fjölgunin hefur verið vaxandi fyrir utan árið 2009 þegar efnahagshrunsins gætti en þá fækkaði félagsmönnum um 711. Tveimur árum síðar eða 2011 var fjöldi félagsmanna orðin meiri en hann var fyrir efnahagshrunið. En þessar tölur segja ekki alla söguna, á sama tíma hefur fjölgað mjög mikið á íslenskum vinnumarkaði. Árið 1991 voru fjöldi starfandi á

Íslenskum vinnumarkaði 136.900 en árið 2012 var þessi tala 169.300. Til að glöggva sig betur á fjölgun VR félaga og umfang félagsins er athyglisvert að skoða hlutfall VR félaga sem hlutfall af heildarfjölda allra félaga innan Alþýðusambands Íslands annars vegar og hlutfall VR félaga sem hlutfall af heildarfjölda starfandi launþega á íslenskum vinnumarkaði hins vegar, sbr. tafla 2.

Tafla 2. VR félagar sem hlutfall af heildarfjölda ASÍ félaga og sem hlutfall af heildarfjölda starfandi á vinnumarkaði á Íslandi

Ár	VR félagar sem hlutfall af heildarfjölda ASÍ félaga	VR félagar sem hlutfall af heildarfjölda starfandi á vinnumarkaði
1991	15,54%	7,39%
1992	16,24%	7,67%
1993	16,92%	7,93%
1994	16,96%	8,02%
1995	17,45%	8,19%
1996	20,08%	9,58%
1997	20,55%	9,81%
1998	21,54%	10,31%
1999	23,47%	11,22%
2000	24,67%	11,95%
2001	25,14%	12,06%
2002	24,32%	12,61%
2003	23,61%	13,36%
2004	23,73%	14,23%
2005	24,7%	14,40%
2006	24,9%	15,36%
2007	24,78%	15,48%
2008	25,51%	16,11%
2009	25,84%	16,73%
2010	26,04%	16,92%
2011	26,20%	17,24%
2012	27,17%	17,51%

Eins og sjá má hefur aðild að VR vaxið jafnt og þétt frá árinu 1991 til 2012 á sama tíma og stéttarfélag aðild á Íslandi hefur verið sveiflukennd. VR hefur markvisst unnið að því að skapa sér sérstöðu meðal annarra stéttarfélaga hér á landi og með stefnumarkandi ákvörðunum hefur félaginu tekist að laða til sín nýja félagsmenn og vaxið talsvert. Árið 1991 voru fullgildir félagar í VR um 10.121 sem er um 15,54% af félagsmönnum innan vébanda ASÍ og 7,39% af heildarfjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Árið 2004 var þetta hlutfall komið í 23,7% og 14,2%. Árið 2012 var tæplega einn af hverjum þremur ASÍ félögum í VR (27,17%) og tæplega einn af hverjum fimm starfandi á íslenskum vinnumarkaði (17,51%) félagsmaður í VR.

Lokaorð

Það eru nokkur atriði sem geta skýrt þessa aukningu félagsmanna innan VR. Formgerðarbreyting á vinnumarkaði hefur verið þannig að það hefur fjölgað mjög á vinnumarkaði í starfsgreinum sem heyra undir VR. Enn fremur er hægt að nefna ýmsar aðstæður sem snúa að endurskipulagningu félagsins með áherslu á að félagið sé lífsgæðafélag í stað hefðbundins stéttarfélags sem berst fyrir hærri launum. Þjónusta við félagsmenn hefur verið aukin á ýmsan máta svo sem árið 1999 þegar VR hóf að greiða fæðingarorlof til félagsmanna sinna úr sjúkrasjóði sem tryggði félagsmönnum 80% laun í fæðingarorlofi (nú tryggt með lögum). Nýjar áherslur í kjarasamningum með áherslu á markaðslaun og launaviðtal hafa einnig haft eitthvað segja sem og átak í fræðslu og símenntun félagsmanna. Einnig má nefna gerð launakannana og val á fyrirtæki ársins ásamt fjölda herferða t.d. samþættingu vinnu og einkalífs auk launajafnréttis og jafnlaunavottunar. Enn fremur stofnun varasjóðs VR sem sameinar réttindi félagsmanna úr mismunandi sjóðum í einn sjóð, nokkurs konar séreignarsjóð sem félagsmenn geta nýtt sér á fjölbreyttari hátt og með meira frjálársæði en áður þekktist svo sem vegna framfærslu, atvinnumissis, starfsloka, heilsubreysts, kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum, líkamsræktar, endurhæfingar, sálfræðiþjónustu, læknisþjónustu, tannlæknaþjónustu, kaupa á gleraugum og vegna kaupa á orlofstengdri þjónustu (VR, e.d.). Allt hefur þetta átt þátt í því að gera félagið eftirsóknarverðara. Sameining við önnur stéttarfélög hefur haft talsvert mikið að segja. VR hefur markvisst unnið að því að skapa sér sérstöðu meðal annarra stéttarféлага hér á landi og með stefnumarkandi ákvörðunum hefur félaginu tekist að laða til sín nýja félagsmenn og vaxið talsvert. Í kjölfar efnahagshrunsins jókst atvinnuleysi, atvinnuþátttaka minnkaði og þeim fækkaði sem vorustarfandi á vinnumarkaði. Þrátt fyrir þessa þróun þá hefur VR haldið stöðu sinni þegar kemur að félagsaðild. Félagsmönnum fækkaði lítillega á milli árána 2008 og 2009, fór úr 28.776 í 28.065. Þrátt fyrir þessa fækkun þá jókst hlutfall VR félagsmanna sem hlutfall af starfandi á vinnumarkaði úr 16,7% í 16,9%. Árið 2012 var þetta hlutfall orðið 17,51% og hefur hækkað úr 7,4% frá árinu 1991. Þannig hefur efnahagshrunið ekki haft merkjanleg áhrif á félagsaðildina hjá VR.

Heimildir

- Ársskýrsla VR. (1995). Reykjavík: VR.
 Ársskýrsla VR. (1999). Reykjavík: VR.
 Ársskýrsla VR. (2001). Reykjavík: VR.
 Ársskýrsla VR. (2012). Reykjavík: VR.
 Boeri, T., Brugiavini, A. og Calmfors, L. (ritstjórar). (2001). *The role of unions in the twenty-first century*. Oxford: Oxford University Press.
 Britain's union. (e.d). Sótt af http://www.tuc.org.uk/tuc/unions_main.cfm
 Böckerman, P. og Uusitalo, R. (2006). Erosion of the Ghent system and union membership decline: Lessons from Finland. *British Journal of Industrial Relations*, 44(2), 283-303.
 Charwood, A. (2002). Why do non-union employees want to unionize? Evidence from Britain. *British Journal of Industrial Relations*, 40(3), 463-491.
 Edwards, P. (1995). *The employment relationship*. Í Edwards, P. (ritstjóri) *Industrial relations: Theory and practice in Britain*. Oxford: Blackwell.
 Farnham, D. og Pimlott, J. (1993). *Understanding industrial relations* (4. útgáfa). London: Cassel.
 Ferner, A. og Hyman, R. (1998). Introduction: Towards European industrial relations? Í A. Ferner og R. Hyman (ritstjórar), *Changing industrial relations in Europe*. Oxford: Blackwell.

- Kelly, J. (1998). *Rethinking industrial relations; Mobilization, collectivism and long waves*. London: Routledge.
- Gospel, H. og Wood, S. (ritstjórar). (2003). *Representing workers*. London: Routledge.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2008a). Vinnulöggjöfin (lög nr. 80/1938) í 70 ár. *Stjórn-mál og stjórnsýsla*, 4(2), 181-204.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2008b). Þátttaka í atkvæðagreiðslu um kjarasamninga VR 1996-2008. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IX: Viðskiptafræðideild* (bls. 151-160). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2003). Eiga stéttarfélög og mannaússtjórnun samleið? Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IX: Viðskipta- og hag-fræðideild* (bls. 151-160). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands (2013). *Laun, tekjur og vinnumarkaður*. Sótt af <https://hagstofa.is/-lisalib/getfile.aspx?ItemID=15071>
- Hyman, R. (2001). *Understanding European trade unionism; Between market, class and society*. London: Sage.
- Lind, J. (2009). The end of the Ghent system as trade unions recruitment machinery? *Industrial Relations Journal*, 40(6), 510-523.
- Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.*
- Lýður Björnsson. (1992). *Afmálsrit V.R. Saga Verzlunarmannafélags Reykjavíkur 1891-1991*. Reykjavík: Vaka- Helgafell.
- OECD. (e.d.). Trade union density. Sótt af http://stats.oecd.org/Index.aspx?DatasetCode=UN_DEN
- O'Grady, F. og Nowak, P. (2004). Beyond new unionism. Í J. Kelly og P. Willman (ritstjórar), *Union organization and activity* (bls. 150-163). London: Routledge.
- Ólafur R. Einarsson. (1970). *Upphaf íslenskrar verkahjðsbreyfingar. 1887-1901*. Reykjavík: MFA.
- Pettinger, R. (2000). *The future of industrial relations*. London: Continuum.
- Svanur Kristjánsson. (1976). *Íslensk verkahjðsbreyfing 1920-1930*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Tinna Ástrún Grétarsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2010). Viðhorf íslenskra ungmenna til stéttarféлага og þekking þeirra á réttindum og skyldum á vinnumarkaði. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI: Viðskiptafræðideild* (bls. 147-156). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- VR, Virðing-Réttlæti. (e.d.) Sótt af <http://www.vr.is/umvr/vr-virding-rettlacti/?tabid=1753>
- Um VR. (e.d.) Sótt af <http://www.vr.is/frettir/fyrir-fjolmidla/lesa-frett/2009/04/-07/Um-VR/?hidedate=true>
- Visser, J. (2002). Why fewer workers join unions in Europe: A social custom explanation of membership trends. *British Journal of industrial relations*, 40(3), 403-430.
- Visser, J. (2006). Union membership statistics in 24 countries. *Monthly Labour Review*, 129(1), 38-46.
- Webb, S. og Webb, B. (1894). *The history of trade unionism*. London: Longman.